

1087. stjórnarfundur VR

Haldinn sunnudaginn 20. janúar 2013 kl. 21:45 í Kringlunni 7 á 2. hæð

Mætt:

Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingadóttir, Sigurður Sigfússon, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Kjarasamningur

Stefán Einar ræddi fund Trúnaðarráðs VR sem var nýlokið. Góð mæting var á fundinn en þar greiddu 43 atkvæði með tillögu formanns um að núverandi kjarasamningur gildi áfram samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA en 2 voru á móti.

Umræður.

Stefán Einar og Elías G. Magnússon forma næstu skref fyrir viðræðuhópinn/vinnuhópinn. Spurning um að leita til verkefnastjórnunarráðgjafa um það hvernig við skipuleggjum vinnuna næstu mánuði.

Næst var samin og samþykkt svohljóðandi yfirlýsing til birtingar á vef VR:

„Yfirlýsing

Á fundi stjórnar og Trúnaðarráðs VR, þann 20. janúar 2013, voru drög að samkomulagi ASÍ og SA kynnt og samþykkt. Stjórn VR veitir því formanni félagsins fullt umboð til þess að samþykkja framlengingu samningsins til loka nóvember 2013.

Stjórn VR ítrekar þá kröfu sína að atvinnurekendur og hið opinbera haldi aftur af verðlagshækkunum á komandi mánuðum. Að öðrum kosti er stöðugleika á vinnumarkaði ógnað.“

Margir utanaðkomandi þættir munu hafa áhrif á samningagerðina eins og alþingiskosningar og annað. Þetta verður langhlaup.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:22

Árni Leósson, fundarritari